

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Furix 20 mg og 40 mg töflur fúrósemíð

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Furix og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Furix
3. Hvernig nota á Furix
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Furix
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Furix og við hverju það er notað

Furix er vatnslosandi lyf sem er notað við bjúg (vökvasöfnun í líkamanum) og til að lækka of háan blóðþrýsting.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Furix

##### Ekki má nota Furix

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir fúrósemíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- ef þú ert með ofnæmi fyrir súlfónamíðum (sýklalyf)
- ef þú ert með ofnæmi fyrir lyfjum við sykursýki (súlfónýlúrealyfjum)
- ef þú ert með skert blóðrúmmál eða vökvaskort (ofþornun)
- ef þú ert með nýrnasjúkdóm og þvagmyndun hefur stöðvast og þú svarar ekki meðferð með Furix
- ef þú ert með alvarlega lágt kalíumgildi í blóðinu. Örsjaldan getur lágt gildi kalíums í blóði orðið alvarlegt og valdið lömun og truflunum í hjartslætti (hætta á hjartastoppi). Leitaðu ráða hjá læknum
- ef þú ert með alvarlega lágt natríumgildi í blóðinu
- ef þú ert með alvarlegan lifrarsjúkdóm
- ef þú ert með barn á brjósti (sjá einnig kaflann „Meðganga og brjóstagiöf“).

#### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Furix er notað:

- ef þú ert með of lágan blóðþrýsting
- ef þú ert með sjúkdóm þar sem hætta er á blóðþrýstingsfalli, eins og t.d. þrengingar í kransæðum hjartans eða í hálsslagæð
- ef þú ert með eða í hættu á að fá sykursýki
- ef þú ert með þvagσύrugigt eða með aukið magn af þvagsýru í blóðinu

- ef nýru starfa ekki eðlilega vegna alvarlegs lifrarsjúkdóms
- ef þú ert með of lítið af próteinum í blóði (t.d. í tengslum við nýrungaheilkenni)
- ef þú ert með alvarlegan lifrarsjúkdóm (skorpulifur, skínuholsvökva)
- ef þú ert með bandvefssjúkdóm (helluroða)
- ef þú ert með stækkaðan blöðruhálskirtil eða átt í vandræðum með þvaglát
- ef þú ert með arfgengan efnaskiptasjúkdóm (porfýríu)
- ef þú ert í meðferð með barksterum (nýrnahettuhormónum), digoxíni (við hjartabilun og óeðlilegum hjartslætti) eða amínóglýkósíðum (sýklalyf)
- ef þú ert með raskanir á vökva- og saltajafnvægi. Þetta getur orðið vegna vökvataps, t.d. vegna uppkasta, niðurgangs, mikillar svitamyndunar eða vegna langtímanotkunar á hægðalosandi lyfjum
- ef þú ert aldraður/öldruð
- ef þú ert með ofnæmi fyrir sýklalyfjum (súlfónamíðum)
- ef þú ert með ofnæmi fyrir öðrum þvagræsilyfjum (tíazíðum)
- ef þú ert með alvarlega lítið af kalíum í blóðinu. Örsjaldan getur lágt gildi kalíums í blóði orðið alvarlegt og valdið lömum og hjartsláttartruflunum (hætta á hjartastoppi). Leitaðu ráða hjá læknum.

Hætta er á að fúrósemíð geti haft áhrif á heyrn þína. Það á einkum við ef þú færð stóra skammta, færð fúrósemíð samhliða öðrum lyfjum sem hafa áhrif á heyrn eða ef þú ert með skerta nýrna-, hjarta- eða lifrarstarfsemi.

Láttu alltaf vita að þú takir Furix þegar teknar eru blóð- eða þvagprufur hjá þér. Lyfið getur haft áhrif á niðurstöður prófanna.

## **Börn**

Ef Furix er notað handa fyrirburum mun lækningin fylgjast með nýrnastarfsemi barnsins og skoða nýrun með ómskönnun.

## **Notkun annarra lyfja samhliða Furix**

Látið lækningin eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ræddu við lækningin ef þú tekur:

- lyf við krömpum (klóralhýdrat)
- lyf við sýkingum (sýklalyf, t.d. amínóglýkósíða, cefalósporín)
- krabbameinslyf (cisplatín)
- lyf við magasári (súkralfat, karbenoxólón)
- lyf við oflæti (lítíum)
- lyf við háþrýstingi (ACE-hemla eða angíótensín II viðtakahemla)
- lyf við hjartabilun eða hjartsláttartruflunum (digoxín)
- lyf við geðrofi (risperidon)
- lyf við of litlum efnaskiptum (levótýroxín)
- verkjalyf (bólguýðandi verkjalyf, acetylsalicýlsýru)
- lyf við of háu kólesteróli í blóði (kolestýramín og kolestípól)
- lyf við flogaveiki (fenýtóín)
- barkstera (nýrnabarkarhormón)
- lyf sem innihalda lakkrís
- lyf við hægðatregðu
- vatnslosandi lyf
- lyf við þvagsýrugigt (próbenesíð)
- lyf við ákveðnum tegundum krabbameins og gigtar eða psoriasis (metótrexat)
- lyf við sykursýki
- lyf sem hækka blóðþrýsting (t.d. adrenalín, noradrenalín)
- vöðvaslakandi lyf sem m.a. eru notuð í tengslum við svæfingar (deyfigu)
- lyf við astma (teófýllín)
- lyf til að koma í veg fyrir höfnun eftir líffæraígræðslu (ciklósporín)
- aliskiren (notað við háum blóðþrýstingi).

Ef þú þarft að fara í röntgenmyndatöku með skuggaefnum skaltu segja læknum að þú takir Furix.

### **Notkun Furix með mat eða drykk**

Taka skal Furix á fastandi maga, minnst hálfri klukkustund fyrir eða tveimur klukkustundum eftir máltíð. Þú skalt taka Furix með einu vatnsglasi.

Þú mátt ekki borða mikið magn af lakkrís meðan á meðferð með Furix stendur þar sem það getur aukið hættuna á truflunum á salta- og vökvajafnvægi líkamans.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Meðganga**

Ef þú ert þunguð máttu aðeins taka Furix í samráði við lækinn.

### **Brjóstgjöf**

Ef þú ert með barn á brjósti mátt þú ekki taka Furix þar sem lyfið berst í brjóstamjólki og getur dregið úr mjólkurmyndun. Ræddu við lækinn.

### **Akstur og notkun véla**

Furix getur einstaka sinnum valdið aukaverkunum sem geta haft áhrif á hæfni til aksturs og stjórnunar véla. Furix getur valdið blóðþrýstingsfalli sem getur haft áhrif á einbeitingarhæfni þína og viðbragðseiginleika.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Furix inniheldur laktósa**

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

## **3. Hvernig nota á Furix**

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Þú skalt taka Furix á fastandi maga, þ.e.a.s. minnst hálfri klukkustund fyrir eða 2 klukkustundum eftir máltíð. Þú getur gleypst töfluna heila, skipt henni, tuggið eða mulið hana. Töflunni má skipta með því að þrýsta létt á hana. Mikilvægt er að drekka mikið vatn meðan á meðferð með Furix stendur.

### **Ráðlagður skammtur er**

#### **Fullorðnir**

#### **Vökvásöfnun í líkamanum**

Skammtur er einstaklingsbundinn.

Frá einni 20 mg töflu til tveggja 40 mg taflna (20-80 mg á dag) sem teknar eru í einu.

Síðan má hækka skammtinn um 20-40 mg 6-8 klukkustundum eftir síðasta skammtinn þar á undan, þar til æskilegri verkun er náð. Endanlegan dagskammt skal síðan taka 1-2 sinnum á dag. Fylgið fyrirmælum læknisins.

#### **Hár blóðþrýstingur**

Skammtur er einstaklingsbundinn.

Tvær 20 mg töflur til tveggja 40 mg taflna tvisvar sinnum á dag (40-80 mg á dag). Fylgið fyrirmælum læknisins.

### **Ungbörn og börn**

Skammturinn fer eftir þyngd barnsins. Hámarksskammtur er venjulega tvær 20 mg töflur eða ein 40 mg tafla á dag. Fylgið fyrirmælum læknisins.

### **Skert nýrnastarfsemi**

Nauðsynlegt getur verið að hækka skammta. Fylgið fyrirmælum læknisins.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður en fram kemur í þessum upplýsingum eða tekið fleiri töflur en læknirinn ávísaði og þér líður illa skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Takið umbúðirnar með.

Einkenni ofskömmtnar eru mjög lágur blóðþrýstingur sem getur þróast í lost, bráða nýrnabilun, blóðtappa, ruglástand með ofskynjunum, lömum eða máttleysi og jafnvel meðvitundarleysi, kæruleysi og rugl.

Hjá börnum geta einkenni einnig verið breyting á andlegu ástandi, höfuðverkur, máttleysi í vöðvum og krampaköst.

### **Ef gleymist að taka Furix**

Ef skammtur af Furix hefur gleymst skal taka hann um leið og munað er eftir honum. Ef stutt er fram að næsta skammti skal sleppa skammtinum sem gleymst hefur að taka. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

### **Ef hætt er að nota Furix**

Aðeins skal gera hlé á meðferð eða hætta henni að höfðu samráði við lækinn.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hringdu í 112 eða á bráðamóttöku ef einkenni alvarlegra aukaverkana koma fram.

**Mjög algengar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá meira en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

**Ekki alvarlegar:** Áhrif á vökva- og saltjafnvægi líkamans, sem geta valdið máttleysi, sleni, ógleði, máttleysi í vöðvum, náladofa í höndum og fótum ásamt rugli. Þorsti, almennt máttleysi, hraðari hjartsláttur, sundl, yfirlið vegna vökvaskorts og ofþornunar – einkum hjá öldruðum. Áberandi vökvaskortur er alvarleg aukaverkun. Hafið sambandi við lækinn. Aukin hætta á æðakölkun vegna hækkunar blóðfitu (þríglýseríðar).

**Algengar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Ringlun, mikill höfuðverkur, óróleiki, skert meðvitund, e.t.v. meðvitundarleysi, dá vegna truflunar í heila við notkun hjá sjúklingum með alvarlegan lifrarsjúkdóm.

**Ekki alvarlegar:** Minnkað blóðrúmmál. Ógleði, vanlíðan, vöðvaslappleiki og ringlun vegna of lágs gildis natríums í blóðinu. Of lágt gildi natríums í blóðinu getur örsjaldan orðið alvarlegt og leitt til krampa og dás. Hafið samband við lækinn. Máttleysi og minna afl í vöðvum vegna of lágs gildis kalíums í blóðinu. Aukin hætta á æðakölkun vegna hækkaðs kólesteróls í blóðinu. Þvagsýrugigt. Aukin þvagsmagn. Minni hæfni við að heyra háa tóna. Yfirlið. Ef hjartsláttur og öndun eru eðlileg og þú vaknar fljótlega skal hafa samband við lækinn. Í öllum öðrum tilfellum skal hringja í 112. Tíð þvaglát.

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Blæðingar í húð og slímhúð og marblettir vegna breytinga í blóði (of fáar blóðflögur). Heyrnarleysi (stundum óafturkræft). Minnkuð dælugeta hjartans hjá sjúklingum með hjartavandamál. Alvarleg útbrot á húð með þrota og flögnun í efsta lagi húðarinnar. Æðabólga.

**Ekki alvarlegar:** Tíð þvaglát, þorsti, þreyta vegna hækkaðs blóðsykurs (glúkósi í blóði) – bæði hjá einstaklingum með sykursýki og ekki með sykursýki. Þorsti, þreyta, tíðari þvaglát vegna sykursýki. Truflun á heyrn, venjulega skammvinn en varanlegt heyrnarleysi getur komið fram við háa skammta, einkum hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm. Sundl, e.t.v. yfirlið við það að setjast upp úr liggjandi stöðu og að standa upp úr sitjandi stöðu vegna lágs blóðþrýstings. Ógleði. Kláði. Ofsakláði. Útbrot. Bólga í húð með blöðrum. Hiti, útbrot í andliti og á handleggjum og fótleggjum. Minniháttar blæðing í húð og slímhimnum. Ofnæmisviðbrögð sem verða vegna ljóss.

**Mjög sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Skyndileg útbrot í húð, öndunarerfiðleikar og yfirlið (innan mínútna eða klukkustunda) vegna ofnæmis (bráðaofnæmi/lost). Drep í vöðvum hjá öldruðum vegna minna blóðflæðis í fótleggjum (sem afleiðing vöskvorts og breytinga á saltjafnvægi líkamans (blóðsölt). Alvarlegur nýrnasjúkdómur með nýrnabilun (bráð millivefsnýrnabólga). Þegar meðferð er hætt getur andnað, hósti, þyngsli fyrir brjósti og hraður hjartsláttur komið aftur vegna hjartasjúkdóms.

**Ekki alvarlegar:** Almennur lasleiki, tilhneiging til að fá bólgur (sýkingar), einkum hálsbólgu og hita vegna breytinga í blóðinu (of fá hvít blóðkorn). Getur orðið alvarlegt. Ef þú færð hita skaltu strax hafa samband við lækinn. Höfuðverkur. Stingandi tilfinning, náladofi eða dofi í húðinni. Sundl. Sjóntruflanir. Umhverfið birtist með gulleitum blæ. Hraður hjartsláttur. Getur orðið alvarlegt. Ef þú færð mjög hraðan og óreglulegan hjartslátt eða ef þér líður illa eða ef það líður yfir þig skaltu hafa samband við lækinn. Æðabólga. Uppköst, niðurgangur. Freyðandi þvag vegna eggjahvítuefna í þvagini. Hiti.

**Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Þreyta og fölvi, e.t.v. tilhneiging til að fá hálsbólgu og húðblæðingar vegna alvarlegs blóðskorts og e.t.v. annarra breytinga í blóðinu. Alvarlegur blóðskortur með gulu. Dekkra þvag, miklir kviðverkir, geðrænar truflanir svo sem kviði. Versnun sjúkdóma með minna blóðflæði. Verulegir kviðverkir og hiti vegna briskirtilsbólgu. Gula með kláða í húð. Nýrnasjúkdómur.

**Ekki alvarlegar:** Vítamínskortur (B<sub>1</sub>) við langvarandi meðferð. Suð fyrir eyrum (eyrnasuð).

**Tíðni aukaverkana ekki þekkt**

**Alvarlegar:** Útbrot í andliti, nýrnabólga, hiti, lið- og vöðvaverkir vegna bandvefssjúkdóms (helluroði). Þreyta, sljóleiki sem eykst yfir í dá. Tilhneiging til að fá vöðvakrampa og hjartsláttartruflanir, krampa í kok vegna of lítills magns af síru í blóðinu. Nýrnasjúkdómur (Pseudo-Bartter heilkenni). Lost. Tilhneiging til að fá blóðtappa. Útbrot með blöðrum og bólgu í húð, einkum á handleggjum og fótleggjum og auk þess í kringum munninn, ásamt hita (Stevens Johnson heilkenni). Mikil flögnun og húðlos. Útbrot með bólum með grefti og bráða lyfjaofnæmi með útbrotum og hita. Stífkrampi. Vöðvaverkir, vöðvamáttleysi eða brúnleitt þvag vegna vöðvaniðurbrots. Getur leitt til nýrnabilunar. Ógleði, uppköst, almennur lasleiki og minnkandi þvagmyndun vegna nýrnabilunar. Húðskæningsviðbrögð, sem einkennast af litlum, rauðfjólubláum, marghyrnum sárum með kláða á húð, kynfærum eða í munni.

**Ekki alvarlegar:** Þorsti. Krampar í höndum, stingir í höndum og fótum og vöðvamáttleysi vegna of lítills kalks í blóðinu. Óreglulegur hjartsláttur vegna of lítills magnesíums í blóðinu. Of lítið magnesíum í blóðinu getur örsjaldan orðið alvarlegt og valdið hjartsláttartruflunum (hætta á hjartastoppi). Hafðu samband við lækinn. Ruglástand. Óreglulegur hjartsláttur. Getur verið eða orðið alvarlegt. Hafðu samband við lækinn. Sundl, yfirlið og meðvitundarleysi vegna lágs blóðþrýstings. Átröskun. Erting í munni og maga. Magakrampar. Hægðatregða. Krampar. Minni orka. Hækkað magn natríums í þvagi. Hækkað magn klóríðs í þvagi. Uppsöfnun þvags hjá sjúklingum með fyrirstöðu í þvagrás. Getuleysi.

**Aðrar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá börnum og unglingum**

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Hækkun líkamshita hjá ungbörnum með hjartasjúkdóm, yngri en 1 árs.

**Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):

**Alvarlegar:** Efnaskiptasjúkdómar hjá ungbörnum.

### **Tíðni aukaverkana ekki þekkt**

**Alvarlegar:** Hjá fyrirburum: verkir, oft í köstum í síðu og í mjóbaki og hugsanlega blóð í þvagi vegna nýrnasteina. Aukin hættu á hjartabilun hjá fyrirburum.

Furix getur að auki valdið aukaverkunum sem þú verður ekki var/vör við. Um er að ræða breytingar á ákveðnum rannsóknaniðurstöðum, t.d. í þvagprufum, lifrarprófum, blóðprófum, þ.m.t. kólesteról, próf á lifrarstarfsemi, á blóðsöltum o.s.frv., sem verða aftur eðlilegar þegar meðferð er hætt.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Furix**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Furix 20 mg og 40 mg töflur innihalda**

- Virka innihaldsefnið er fúrósemíð.
- Önnur innihaldsefni eru: Örkrystallaður sellulósi (E 460), natríumkroskarmellósi, laktósaeinhýdrat, magnesíumsterat (E 470b), póvídón (E 1201), hrísgrjónasterkja og vatnsfrí kísilkvoða (E 551).

### **Lýsing á útlit Furix og pakkningastærðir**

Furix 20 mg er kringlótt, hvít tafla með deiliskoru, merkt „20-20“ á annarri hliðinni.

Furix 40 mg er kringlótt, hvít tafla með deiliskoru, merkt „40-40“ á annarri hliðinni.

Furix töflur fást í plastlátum.

20 mg: 100 stk.

40 mg: 100, 120 og 250 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### **Markaðsleyfishafi**

Orifarm Healthcare A/S

Energivej 15

5260 Odense S

Danmörk  
[info@orifarm.com](mailto:info@orifarm.com)

**Framleiðandi**

Takeda Pharma A/S  
Langebjerg 1  
4000 Roskilde  
Danmörk

eða

Orifarm Manufacturing Poland Sp z o.o.  
12 Księstwa Łowickiego ST.  
99-420 Łyszkowice  
Pólland

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa:

Artasan ehf.  
Suðurhrauni 12 a  
210 Garðabær

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2026.**